

Samtal vegna hugmynda að kennslu í miðlun á framhaldsskólastigi



Hilmar Friðjónsson <hilmar@vma.is>

mán., 8. feb. 2021,
15:17

til Benedikt, Sigríður, Jóhannes

Sæl Bensi og Sirrý,

Við Jóhannes Árnason viljum senda bréf/póst til Rektors Háskólans á Akureyri (sjá hér neðar í póstinum) þar sem við óskum eftir samtali við Rektor um hugmyndir okkar um kennslu í miðlun á Norðurlandi.

Til stendur að ná samtali við bæjarfulltrúa hér á Akureyri um sama efni.

Við óskum eftir sjónarmiðum ykkar varðandi efni þessa bréfs/pósts

Sæll Eyjólfur,

Hilmar Friðjónsson heiti ég og er að kenna við Verkmenntaskólann á Akureyri.

Ég og samkennari minn, Jóhannes Árnason, höfum undanfarið viðrað hugmyndir innan VMA og utan, að skólar á norðurlandi (frá Sauðárkróki til Lauga) ættu að sameinast um kennslu í miðlun á breiðum grunni.

Erum við þá að tala um það sem Menntamálaráðherra hefur verið að tala um með kvikmyndastefnunni sem er nýbirt, en á mun breiðari grunni en það.

Við erum að tala um kennslu í tæknivinnu, s.s. við uppsetningu og stýringu á ljósabúnaði á viðburðum, hljóðvinnslu á viðburðum (tónleikum, leiklist o.flr), myndvinnslu heilstætt (video og ljósmyndun - tengt kvikmyndavinnslu, þáttagerð fyrir sjónvarp, útvarp og netmiðla, fjölmiðlun og auglýsinga og kynningastarfi),

Ástæða þess að við viljum kenna miðlun í samstarfi við aðra framhaldsskóla á Norðurlandi er að stofnkostnaður svona kennslu er hár og það er auðveldara að dreifa honum milli skólanna. Endurnýjun á tækjabúnaði er líka dýr og gilda sömu rök þar og með stofnkostnaðinn.

En svo er líka að skólarnir hafa sína styrkleika nú þegar í miðlun, sem við viljum að þeir vinni með og hinir skólarnir geti notið þeirra.

Sem sagt, miðlun á mjög breiðum grunni.

Okkur langar að eiga við þig samtal og athuga hvort hugur þinn leiti í svipaðar áttir.

Ég vil ekki leyna því að við erum líka að leita að góðum stuðningsaðilum við hugmyndirnar svo hægt væri að taka þær á næsta þrep sem væri líklega rannsóknavinna.

Í dag eru hópar hér í samfélaginu að hugsa um þessi mál og eru þeir tvístraðir og eru líklega ekki í samtali sín á milli. Okkar vilji er að koma þessum hugmyndum lengra.

Nám í miðlun er hluti af stærri mynd sem við viljum einnig ræða við þig en það er hvernig háttá eigi verknámi ungmenna á Norðurlandi á komandi árum. Teljum við að rödd Rektors Háskólans á Akureyri eigi heima í þeim hugmyndum.

Við óskum því eftir stuttlegu spjalli til að byrja með þar sem við kynnum fyrir þér hugmyndir okkar og hugmyndir um næstu skref.

Virðingarfyllst,
Hilmar Friðjónsson
Kennari við Verkmenntaskólann á Akureyri
Áfrit þessa pósts fer einnig til Jóhannesar Árnasonar.